

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu
og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu sveitarfélagsins, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,205% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisþarfa greiða aukavatnsgjald sem hér segir:

Fyrstu 150.000 m³

45 kr./m³

Þegar notkun einstakra lögaðila fer yfir 150.000 m³ á ári verða gerðir sérsamningar um verð fyrir umframmagn.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælaleiga á ári
að 20 mm	9.090 kr.
20-24 mm	12.805 kr.
25-31 mm	16.112 kr.
32-39 mm	19.248 kr.
40-49 mm	25.747 kr.
50-74 mm	77.366 kr.
75-99 mm	83.832 kr.
100 mm og stærri	90.308 kr.

6. gr.

Heimæðargjald.

Utanmál	Inntaksgjald	Yfirlengd
32 mm	346.103 kr.	7.404 kr./m
40 mm	449.424 kr.	8.438 kr./m
50 mm	606.117 kr.	9.472 kr./m
63 mm	850.627 kr.	11.708 kr./m
75 mm	1.189.836 kr.	16.352 kr./m
90 mm	1.439.302 kr.	25.822 kr./m

Nr. 1236

14. desemr 2017

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi.

7. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 1117/2016.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 14. desember 2017.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018